

Mál nr. 384/2015**M v. dóttur sinnar D
og
váttryggingafélagið V v. sjúkdómatryggingar.****Stúlka greindist með krabbamein skömmu eftir töku sjúkdómatryggingar 22.4.2015****Gögn.**

1. Málskot móttakið þ.9.10.2015 ásamt fylgiskjölum 1-9
2. Bréf V dags. 2.11.2015

Málsatvik.

M tóku sjúkdómatryggingu hjá V í byrjun febrúar 2015. Dóttir (D) M greindist með krabbamein 22.4.2015. Ágreiningur í málinu varðar hvort veikindi D séu bótaskyld úr sjúkdómatryggingu M og hvort bótaréttur hafi stofnast úr umönnunartryggingu heimilstryggingar. M byggir á því að ósannað sé að undanþáguákvæði 2. mgr. 7. gr. váttryggingarskilmála sjúkdómatryggingarinnar hafi verið við lýði þegar váttryggingarsamningur var gerður. Þá segir M að styðjast beri við meginreglu 13. gr. um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 og líta framhjá ákvæði 2. mgr. 7. gr. skilmálanna. Einnig að 8. gr. skilmálanna gangi framur ákvæði 7. gr. skilmálanna. M segir að hafi V tilkynnt M að um váttryggðan atburð hafi verið að ræða og ekki gert fullnægjandi grein fyrir takmörkunum í váttryggingarsamningnum. Þá beri að víkja ákvæði 2. mgr. 7. gr. til hliðar á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 um samninga, umboð og ólögmeta samningsskilmála og það fari gegn anda laga um váttryggingarsamninga að undanþiggja tilvik eins og þetta. V hafnar bótaskyldu og segir að undanþáguákvæði í 2. mgr. 7. gr. hafi verið í gildi þegar M tóku váttrygginguna. V segir að 13. gr. laga um váttryggingarsamninga eigi ekki við um sjúkdómatryggingar þar sem þær séu ekki skaðatryggingar, en 13. gr. fjallar um skaðatryggingar, heldur persónutrygging og beri því að horfa frekar til 1. mgr. 74. gr. laganna. V segir ákvæði 2. mgr. 7. gr. skilmálanna eigi við og hafnar öðrum málsástæðum M. Varðandi bætur úr umönnunartryggingu bendir V á kafla IV váttryggingarskilmála fjölskyldutryggingar einkum 40. gr. þar sem rakin séu þau tilvik sem bætist ekki.

Álit.

D greindist með krabbamein 22.4.2015 og sjúklingatrygging M tók gildi í byrjun febrúar 2015, rúmum tveim og hálfum mánuði áður en D greindist. Í 8. gr. váttryggingarskilmála segir að V greiði bætur vegna váttryggingaratburðar sem börn váttryggðs 3 mánaða til 18 ára aldurs verða fyrir á gildistíma váttryggingarinnar. Í grein 7.2. váttryggingarskilmálanna sem voru í gildi þegar M tóku umrædda sjúkdómatryggingu segir "Bætur greiðast ekki vegna krabbameins sem greinist á fyrstu þremur mánuðum eftir töku váttryggingarinnar né við endurupptöku hennar." Krabbamein D greindist innan þess tíma sem um ræðir í grein 7.2. váttryggingarskilmálanna. Hefur V með hlutlægum hætti takmarkað ábyrgð sína þannig að ef greining á krabbameini á sér stað á fyrstu þremur mánuðum gildistíma váttryggingarinnar þá greiðist ekki bætur. Verður ekki annað séð hér en að umrætt ákvæði eigi við og verður því ekki vikið til hliðar með hliðsjón af 36. gr. samningalaga. Ekki er sýnt fram á að V hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína gagnvart M eða önnur þau sjónarmið sem vísað er til af hálfu M eigi við. M á því ekki rétt á bótum úr sjúkdómatryggingu sinni hjá V vegna veikinda D.

Varðandi kröfu um bætur úr umönnunartryggingu hjá V, þá tók sú trygging ekki gildi fyrr en nokkrum mánuðum eftir að sjúkdómur D greindist. M á því ekki kröfu um bætur úr umönnunartryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Niðurstaða.

M eiga hvorki rétt á bótum úr sjúkdómatryggingu sinni hjá V né úr umönnunartryggingu fjölskyldutryggingar vegna veikinda dóttur sinnar D.

Reykjavík 1.12.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hrl.

Jón Magnússon hrl.